



Reykjavík, 23. febrúar 2026
SFS26020057

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Tillaga um lokun leikskólans Vinagerðis og forgang fyrir börn úr leikskólanum yfir í aðra leikskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. febrúar 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. febrúar 2026 ásamt umsögn foreldraráðs Vinagerðis, ódags.:

Lagt er til að leikskólanum Vinagerði verði lokað frá og með 15. september 2026. Vegna lokunar Vinagerðis er lagt til að öll börn sem innrituð eru í leikskólann Vinagerði og stefndu á áframhaldandi dvöl þar skólaárið 2026-2027 fái forgang á flutning í aðra leikskóla Reykjavíkurborgar til samræmis við óskir foreldra þeirra og laus pláss í viðkomandi leikskólum. Breytingin eigi sér stað í tengslum við innritun í pláss sem losna vegna barna sem fara í grunnskóla haustið 2026 en innritun hefst þann 2. mars 2026.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskólum lagði fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna tekur undir ábendingar frá foreldraráði Vinagerðis um að mikilvægt er að vel verði stutt við leikskólann og að starfsemi og mönnun Vinagerðis haldist stöðug fram að lokun. Þar að auki þarf að hugsa strax að langtímalausn fyrir hverfið, þannig að börn í hverfinu hafi möguleika á leikskólaplássi í nágrenninu.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavík



Hjálagt:
Greinargerð, dags. 12. feb. 2026
Umsögn foreldraráðs, ódags.



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 12. febrúar 2026

SFS26020057

TILLAGA

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um lokun leikskólans Vinagerðis og forgang fyrir börn úr leikskólanum yfir í aðra leikskóla

Lagt er til að leikskólanum Vinagerði verði lokað frá og með 15. september 2026. Vegna lokunar Vinagerðis er lagt er til að öll börn sem innrituð eru í leikskólann Vinagerði og stefndu á áframhaldandi dvöl þar skólaárið 2026-2027 fái forgang á flutning í aðra leikskóla Reykjavíkurborgar til samræmis við óskir foreldra þeirra og laus pláss í viðkomandi leikskólum. Breytingin eigi sér stað í tengslum við innritun í pláss sem losna vegna barna sem fara í grunnskóla haustið 2026 en innritun hefst þann 2. mars 2026.

Greinargerð

Vinagerði er þriggja deilda leikskóli með rekstrarleyfi fyrir 60 börn. Leikskólinn er staðsettur við Langagerði 1, Reykjavík. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar er ástand húsnæðisins að Langagerði 1, þannig að nauðsynlegt er að ráðast í umfangsmikið viðhald og endurbætur og verður því ekki mögulegt að nýta það undir leikskólastarf á næstu árum. Jafnframt er núverandi húsnæði Vinagerðis að Safamýri 5, þar sem leikskólinn hefur verið síðan í október 2025, komið á niðurrifsáætlun og því ekki fært að halda áfram rekstri þar. Vegna þessarar stöðu húsnæðis fyrir leikskólann er lagt til að honum verði lokað frá 15. september 2026. Börn sem nú eru innrituð í Vinagerði og áætlað var að yrðu þar áfram næsta skólaár 2026-2027, fá forgang eftir kennitöluröð líkt og gildir um forgang almennt, á flutning í aðra leikskóla Reykjavíkurborgar í stóru innrituninni sem hefst 2. mars 2026. Gera má ráð fyrir að um sé að ræða um 45 börn.

Gert er ráð fyrir að starfsfólki Vinagerðis verði sagt upp störfum í leikskólanum Vinagerði en fundin verði önnur sambærileg störf í samráði við starfsfólk, enda eru laus störf í boði innan leikskóla Reykjavíkur. Um er að ræða um 20 starfsmenn og verða tekin samtöl við hvern og einn í umsjá fagstjóra leikskóla og mannauðsráðgjafa í Norðurmiðstöð.

Umsögn foreldraráðs Vinagerðis liggur fyrir.



Reykjavík

Umsögn foreldraráðs Vinagerðis

Foreldraráð Vinagerðis þakkar tækifærið til að veita umsögn um tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um lokun leikskólans Vinagerðis og forgang barna yfir í aðra leikskóla.

Lokun leikskólans eru afar daprar fréttir fyrir börn, fjölskyldur og hverfið í heild sinni. Vinagerði hefur í gegnum tíðina verið eftirsóknarverður leikskóli ekki síst vegna þess hve metnaðarfullt og öflugt starf hefur einkennt leikskólann. Eðlilega fylgir því mikill söknuður að sjá á eftir leikskólanum Vinagerði.

Foreldraráð skilur þær aðstæður sem liggja að baki tillögunni og beinir því sjónum sínum að því að tryggja hagsmunum barnanna og fjölskyldum þeirra sem í hlut eiga.

Foreldraráð leggur ríka áherslu á að tryggður verði raunverulegur og skýr forgangur fyrir þau börn sem áttu að vera áfram í Vinagerði skólaárið 2026–2027, þannig að þeim verði tryggt leikskólaplássi í samræmi við óskir foreldra/forráðamanna, hvar sem er í Reykjavík.

Einnig er afar brýnt að tryggt verði að starfsemi leikskólans haldist stöðug fram að lokun 15. september 2026. Stöðugleiki er lykilatriði fyrir börn og fjölskyldur og því er mikilvægt að Reykjavíkurborg geri ráðstafanir til að tryggja nægt starfsfólk og samfellu í starfi á meðan lokunarferlið stendur yfir.

Foreldraráð vill jafnframt benda á mikilvægi þess að huga strax að langtímalausn fyrir hverfið, þannig að tryggt verði að börn sem alast upp í nærumhverfinu hafi aðgang að leikskólaplássi á viðunandi aldri. Nauðsynlegt er að skýr áætlun liggi fyrir um hvernig brugðist verður við þeirri stöðu sem skapast við lokun Vinagerðis.

Fyrir hönd foreldraráðs Vinagerðis,

Birta Þórsdóttir
Brynhildur Jensdóttir
Tinna Óðinsdóttir